



Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíða

Reglur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshvíða um ferðaþjónustu fyrir fólk með fötlun.

1.gr.

Reglur þessar byggja á 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks með síðari breytingum og taka mið af leiðbeinandi reglum Velferðarráðneytisins fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

2.gr.

Markmið ferðaþjónustu Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíða er að gera þeim, sem ekki geta nýtt sér almenningsamgöngur, kleift að stunda nám, vinnu, hæfingu, sækja heilbrigðisþjónustu og njóta tómsunda. Haft er að leiðarljósi að aðstoða fatlað fólk til fullrar þátttöku í samfélaginu og sjálfstæðs lífs eins og kostur er hverju sinni.

Akstursþjónusta er veitt innan marka lögheimilissveitarfélags notandans auk þess sem hún nær til miðlægra þjónustueininga á Selfossi.

3. gr.

Skilyrði fyrir þjónustu samkvæmt reglum þessum:

- Að notandi eigi lögheimili í sveitarfélagi innan svæðis Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíða
- Að notandi geti ekki nýtt sér almenningsamgöngur vegna fötlunar
- Að notandi eigi ekki bifreið sem keypt er með styrkjum frá Tryggingastofnun ríkisins

Heimilt er að veita undanþágu frá þessum skilyrðum skv. mati starfsfólks Skóla- og velferðarþjónustu vegna sérstakra aðstæðna.

4. gr

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls ber ábyrgð á ferðaþjónustu Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls og hefur forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls yfirumsjón með henni.

Umsókn um ferðaþjónustu berist Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á starfsstöðvum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls og á heimasíðu. Í umsókn skulu koma fram almennar upplýsingar um notanda s.s. fötlun, óskir um fjölda ferða og í hvaða tilgangi þær eru farnar.

Umsókn um ferðaþjónustu er afgreidd af starfsmönnum skóla- og velferðarþjónustunnar. Starfsmenn leggja mat á umsókn, ákveða umfang og tímalengd þjónustunnar. Ef sótt er um ferðaþjónustu sem ekki fellur undir reglur þessar er umsókn tekin fyrir á teymisfundi Skóla- og velferðarþjónustunnar.

Umsókn er svarað skriflega innan fjögurra vikna frá því að hún berst. Umsókn er metin með hliðsjón af getu og færni notanda og möguleika hans til að nýta sér þjónustu almenningsgangna og/eða annarra ferðamöguleika.

5. gr.

Ferðir til og frá skóla, vinnu, hæfingu og vegna heilbrigðisþjónustu ganga fyrir öðrum ferðum.

Fjöldi ferða til annarra erinda en að ofan greinir er háður takmörkunum, en við það skal miðað að þær verði ekki fleiri en 18 í mánuði og heildarfjöldi ferða eigi fleiri en 64 að jafnaði í mánuði sé akstur vegna tómtunda talinn með. Umsókn um ferðir vegna afþreyingar eða tómtunda skulu metnar í samráði við umsækjanda hverju sinni.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka.

Umsóknir um ferðaþjónustu þeirra sem búa í dreifbýli eru teknar fyrir á teymisfundi og metnar út frá þörfum hvers einstaklings. Leitast skal við að samnýta ferðir eins og kostur er og sýna sveigjanleika með því að semja við einakaðila.

6.gr.

Ef ferðaþjónusta byggist á notkun leigubifreiða eða einkabifreiða starfsfólks, sem sinnir félagslegri heimaþjónustu eða liðveislu, skal gera einstaklingsbundna samninga um slíkt fyrirkomulag. Í samningnum, sem er milli notanda, starfsmanns og sveitarfélags, skal kveðið

á um greiðslu kostnaðar og tryggingamál. Starfsmaður skóla- og velferðarþjónustu skipuleggur akstursáætlun í samvinnu við bílstjóra og með þarfir notanda í huga. Við framkvæmd þjónustunnar skal taka mið af því að farþegum sé sýnd tilhlýðileg virðing og sveigjanleiki.

7. gr.

Um gjald ferðarþjónustu vísast til gjaldskrár ferðarþjónustu fyrir fólk með fötlun.

8. gr.

Umsækjandi um ferðarþjónustu fyrir fatlað fólk getur krafist rökstuddra skriflegra svara um forsendur ef umsókn er synjað. Ákvörðun um synjun má áfrýja til Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshöfna. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna frá því að umsækjandi berst vitneskja um ákvörðunina. Ákvörðun nefndarinnar er unnt að skjóta til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu -og húsnæðismála.

9. gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Samþykkt í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd

Samþykkt af aðildarsveitarfélögum